

**40**  
27. júní

## L Ö G

um

stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

### 1. gr.

Í heimspekisdeild Háskóla Íslands skal auk þriggja prófessora vera  
einn dócent. Dócentinn kennir málfræði og sögu íslenskrar tungu í sambandi  
við almenna málsögu.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1925.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*